

## REGLUGERÐ

### um húsbrefaviðskipti vegna greiðsluerfiðleika íbúðareigenda.

#### Fasteignaveðbréf.

##### 1. gr.

Húsbrefadeild hefur heimild til að kaupa fasteignaveðbréf sem gefið er út til greiðslu á skuldum íbúðareigenda í greiðsluerfiðleikum. Fasteignaveðbréf skulu gefin út á nafn íbúðareiganda. Áður en skipt er á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf skal því þinglýst.

##### 2. gr.

Skipta má á fasteignaveðbréfi og húsbrefum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 75% af matsverði íbúðar, að frádragnum áhvílandi lánum, uppfærðum, sem eru á veðréttum á undan fasteignaveðbréfi.

Fjárhæð fasteignaveðbréfs má ekki vera hærri en svo að andvirði þeirra húsbrefa, sem fást við skuldabréfaskiptin, nægi til að greiða fyrirleggjandi skuldir miðað við skráð söluverð húsbrefa á þeim degi sem húsbrefadeild samþykkir skuldabréfaskiptin.

#### Matsverð íbúða.

##### 3. gr.

Matsverð íbúðar er brunabótamat hennar. Húsbrefadeild er þó heimilt að ákveða matsverðið með tilliti til markaðsverðs íbúða.

#### Greiðslugeta, greiðslubyrði og veðhæfni íbúða.

##### 4. gr.

Áður en skipt er á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf skal húsbrefadeild, eða viðskipta-bankar eða fjármálastofnanir sem hún vísar til, meta greiðslugetu umsækjanda og greiðslubyrði af öllum skuldum hans. Einnig skal húsbrefadeildin meta veðhæfni viðkomandi íbúðar. Til að unnt sé að meta greiðslugetu, greiðslubyrði og veðhæfni skal umsækjandi leggja fram upplýsingar um eignir, heildarlaun og skuldir, samkvæmt nánari ákvörðun húsbrefadeildar.

#### Skilyrði fyrir skiptum á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf vegna greiðsluerfiðleika.

##### 5. gr.

Skilyrði fyrir skiptum á húsbrefum fyrir fasteignaveðbréf eru eftirfarandi:

- a. Fjárhagsvandi umsækjanda sé til kominn vegna fjármögnunar á hóflegu íbúðarhúsnæði miðað við fjölskylduáðstæður. Íbúðarhúsnæði telst að jafnaði hóflegt ef stærð íbúðar miðað við fjölskyldustærð eru með eftirfarandi hætti:

Fjölskyldustærð:	Stærð íbúðar (brúttó) sé minni en:
	(m <sup>2</sup> )
1-2	85
3-4	120
5-6	150

Ef um stærra fjölskyldu eða aðrar sérstakar aðstæður er að ræða metur húsbrefadeild hvert tilfelli sérstaklega.

Við mat á stærðarmörkum íbúða er húsbrefadeild heimilt að taka tillit til markaðsverðs íbúða á viðkomandi stað og eignarhluta sbr. b. lið.

- b. Eignarhluti umsækjanda í íbúð og aðrar eignir hans og fjölskyldustærð séu að jafnaði með eftirfarandi hætti:

Fjölskyldustærð:	Eignarhluti og aðrar eignir séu lægri en: (millj. kr.)
1-2	3,0
3-4	5,0
5-6	8,0

Ef um stærri fjölskyldu er að ræða metur húsbrefadeild hvert tilfelli sérstaklega. Ef íbúðareigandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign og skuldir beggja.

Eignarhluti er skilgreindur sem matsverð íbúðar að frádregnum skuldum íbúðareiganda sem stafa af byggingu eða kaupum íbúðar.

Viðmiðunarfjárhæðir miðast við byggingarvísitölu 1. janúar 1991, 176,5 stig, og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

- c. Fyrir liggja að skipti á húsbrefum fyrir fasteignaveðbref leysi greiðsluvanda umsækjanda.  
 d. Skuldareigendur samþykki greiðslu skulda umsækjenda með húsbrefum.  
 e. Greiðslubyrði umsækjanda sé að jafnaði yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári næstu fjögur árin. Eftir skuldabrefaskiptin verði greiðslubyrðin að jafnaði um eða undir 20% af heildarlaunum hans.

### Ýmis ákvæði og gildistaka.

6. gr.

Ákvæði reglugerðar nr. 217/1990 um húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti gilda að öðru leyti um framangreind atriði, eftir því sem við á.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 124/1990 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990, öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 14. janúar 1992.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins nr. 614/1989, sbr. rg. nr. 56/1990 og rg. nr. 203/1990.**

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Fyrir skoðun kvikmynda eftir lögum nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og reglugerð þessari skulu aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar greiða gjald í ríkissjóð vegna kostnaðar við skoðun kvikmynda. Gjald þetta skal miðast við lengd hverrar kvikmyndar þannig að fast gjald kr. 1 200 greiðist fyrir hverja skoðun auk kr. 40 fyrir hverja mínútu